

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 um almannatryggingar sbr. 5. gr. laga 59 20. maí 1978.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. l. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr. 3.600
Vegna bifhjóls	— 3.200
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 3.200
Vegna vélsleða	— 3.200
Vegna heimilisdráttarvélar	— 3.200
Vegna rafstöðvar	— 1.600
Vegna súgurrkunartækis	— 1.600
Vegna heyblásara	— 1.600
Vegna trillubáta	— 14.640

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. l. 67/1971 sbr. 5. gr. l. 59/1978 um almannatryggingar og tekur gildi hinn 1. janúar 1979. Jafnframt er þá úr gildi felld reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

15. desember 1978.

Nr. 449.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum.

1. gr.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi, ásamt nauðsynlegum gögnum skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið leitar álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafræði lyf-sala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 3. gr. Heimilt er að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að meta og semja álitserð um umsóknir um sérfræðingsleyfi.

3. gr.

Til þess að kandidat í lyfjafræði geti átt rétt til að öðlast sérfræðingsleyfi, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

- Hann skal að jafnaði hafa starfsleyfi sem lyfjafræðingur hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.
- Hann skal hafa unnið að minnsta kosti í 5 ár við þá sérgrein, sem hann sækir um sérfræðiviðurkenningu í. Vikja má frá þessu skilyrði, ef umsækjandi hefur öðlast doktorsnafnbót eða licentiatgráðu að loknu framhaldsnámi.

- c) Hann skal hafa samið ritgerð um lyfjafræðilegt efni, sem að verulegu leyti er byggð á eigin athugunum og rannsóknum og fengið hana eða hluta hennar birta eða samþykkt til birtingar í viðurkenndu tímariti um lyfjafræði eða öðrum viðurkenndum tímaritum.

Ritgerð þessi skal hafa vísindalegt gildi í þeirri sérgrein sem við á. Hlutur umsækjanda í slíkri vinnu þarf að teljast verulegur, ef um samverkamenn er að ræða.

- d) Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu skilyrði, ef aðstoðarlyfjafræðingur hefur lokið vísindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

4. gr.

Sérfræðingsleyfi má veita í eftirtöldum greinum lyfjafræði:

- a) Lífræn efnafræði.
- b) Lyfjaefnafræði.
- c) Lyfjagerðarfræði.
- d) Lífefnafræði.
- e) Lyfjafræði lækna (pharmacology).
- f) Félagslyfjafræði.
- g) Öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum.

5. gr.

Þeir lyfjafræðingar sem öðlast hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands, áður en lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978 tóku gildi, eiga rétt á að öðlast sérfræðingsleyfi, samkvæmt reglugerð þessari, en þurfa að staðfesta ósk þess efnis með formlegri umsókn.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.